

REGLUR UM FJALLAGRASANYTJAR Í LÖNDUM HÚNAÞINGS VESTRA

Markmið reglna þessara er sjálfbær nýting fjallgrasa í heiðarlöndum Húnaþings vestra.


1. Allir þeir sem hyggja á nytjar fjallgrasa í atvinnuskyni í löndum Húnaþings vestra skulu sækja um leyfi til þess til landbúnaðarráðs áður en tínsla fer fram.
2. Í beiðni um leyfi til nytja skal fylgja kort þar sem merkt er inn á hvar áætlað er að tína, hvenær og hversu margir munu taka þátt í tínslunni.
3. Að tínslu lokinni skal tilkynna sveitarfélaginu magn fjallgrasa sem tínd voru og hvar (merkt á korti).
4. Ekki má nytja fjallagrös á sama svæði fyrr en mat á þoli viðkomandi svæðis hefur farið fram og nytjar metnar leyfilegar.
5. Tínslutímabil er bundið við að heiðarvegir séu færir og að svæðið sé fært yfirferðar án þess að skemmdir hljótist af.

Samþykkt á 199. fundi landbúnaðarráðs þann 1. mars 2023.

Samþykkt á 366. fundi sveitarstjórnar þann 9. mars 2023.


Magnús Magnússon
Ingveldur Þóra Konráðsdóttir
Elin Lütja Grunnarsdóttir


Sigrður Ólafsdóttir


Þorsteinn Þjórsson